



 Helga Óskarsdóttir  
Sjóðstjóri

 Ingólfur Snorri Kristjánsson  
Sjóðstjóri

**Um sjóðinn**

IS Lausafjárswafn er opinn öllum fjárfestum og hentar sérstaklega þeim sem vilja ávaxta fé sitt í skamman tíma og fá jafna og stöðuga ávöxtun. Fjármuni í sjóðnum er hægt að losa með eins dags fyrirvara.



Sjóðurinn fjárfestir aðallega í innlánunum lánastofnana en einnig víxlum og stuttum skuldabréfum útgefnunum af ríki eða fjármálfyrirtækjum. Sjóðstjórar leitast við að ná bestu vaxtakjörum sem í boði eru hverju sinni með stýringu og eignadreifingu á milli innlána, víxla og stuttra skuldabréfa. Enginn kostnaður er við kaup eða sölu í sjóðnum.

**Fjárfestingaheimildir og stærstu eignir**

**Fjárfestingarheimildir**

Heimild	Skammtur	Eignir
Innlán lánastofnana	40-100%	<b>57,3%</b>
Skuldabréf og víxlar fjármálfyrirtækja	0-50%	<b>8,1%</b>
Skuldabréf og víxlar með ríkisábyrgð	0-60%	<b>23,2%</b>
Laust fé		<b>11,3%</b>

**Almennar upplýsingar og tölfraedi**

Stofnár	2014
Stærð (m.kr.)	29.013
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími kaupantana	1 viðskiptadagur (T+1)
Árleg umsjónarlaun	0,35%
Kostnaður við kaup	Á ekki við
Kostnaður við kaup í áskrift	Á ekki við
Áhættuvísir	1/7
Meðallíftími, ár	0,26
Verðtryggingarhlutfall	0%
Meðalvextir eftir umsjónarlaun*	9,02%

**Eigna samsetning**

**Ávöxtun og gengisþróun**


Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
3 mán	2,3%	
6 mán	4,7%	
1 ár	8,8%	8,8%
2 ár	13,9%	6,7%
3 ár	15,1%	4,8%
4 ár	16,7%	3,9%
5 ár	21,3%	3,9%
Frá áramótum	2,3%	
Frá stofnun**	51,0%	4,4%

## Um Íslandssjóði

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóða-stýringarfyritæki á Íslandi, upprunalega stofnað árið 1994 og er í eigu Íslandsbanka. Félagið er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Íslandssjóðir stýra 22 sjóðum fyrir almenna fjárfesta og sjö sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 400 milljörðum króna og um 12.000 sparifjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.

Félagið starfrækir úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og er stærst í rekstri skuldbréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum.


## Frekari upplýsingar

Tegund sjóðs	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000025153
Auðkenni	LAUSA
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarksáskrift	5.000 kr.
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

\*Vextir hvernar fjárfestingar eru vigtaðir miðað við hlutfall af sjóðnum. Meðalvextir sjóðsins eru breytilegir og lýsa stöðu á safni sjóðsins á viðmiðunardegi.

\*\*Sjóðurinn hefur verið starfsræktur síðan 13.september 2011

## Gengispróun



## Fyrirvari og áhættuþættir

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánsþæfi útgefanda.

**Lausafjáraáhætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófull-nægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar-félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremmis viðskiptanna á sér stað.

**Stjórn málaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórn málaákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

**Gjaldmiðlaáhætta:** Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendra mynt. Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendra mynt bera því með sér gjalddeyrisáhættu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.

**Sjálfbærni áhætta:** Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnhátta sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

**Bent skal á að ávöxtunartölur vísa til fortíðar og að árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð.** Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útbóðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](#).

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.